

L Ö G

um

22

31. maí

heimild til sölu þjóðjarðarinnar Sauðár.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Atvinnunálaráðherra er heimilt að selja Sauðárkrókshreppi þjóðjörðina Sauða í Skagafjarðarsýslu, að undanskilinni verslunarlóðinni eins og hún er ákveðin með lögum nr. 51, 28. nóv. 1919, fyrir það verð, sem dómkvaddir óvilhallir menn meta, og með þeim borgunarskilmálum, sem gilda um aðrar þjóðjarðir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.